

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 16.01. 2024. Fundur skólaráðs og nemendaráðs haldinn á bókasafni skólans frá kl. 15:00-16:00.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir, Sara Pálmadóttir, Bryndís Jónsdóttir (fjarverandi), Magnús Róbertsson (fjarverandi), Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir (fjarverandi) og Agnes Fjeldsted. Eftirfarandi fulltrúar nemendaráðs sátu fundinn: Þórey Ylfa Atladóttir, Steinunn Björg Gunnarsdóttir, Natallía Andersen og Snædís Birta Fannarsdóttir.

Dagskrá:

## 1. Erindi frá nemendaráði

### a. Sleepover

Nemendaráð Hraunvallaskóla er ósátt við að tekin hafi verið miðlæg ákvörðun um að leyfa ekki „sleepover“ í unglingadeildum í skólum bæjarins. Góð reynsla hefur verið af þessum viðburði í Hraunvallaskóla og búið er að safna 110 undirskriftum frá nemendum þar sem beðið er um endurskoðun á þessari ákvörðun. Skólaráð Hraunvallaskóla tekur undir raddir nemenda og vill styðja við nemendaráð að fá þessa ákvörðun endurskoðaða.

### b. Nemendaráðsfræðsla

Fulltrúar í nemendaráði sögðu frá nemendaráðsfræðslu sem haldin var í Hafnarfirði og frá Landsmóti SAMFÉS á Akureyri.

### c. Viðburðir á vegum Mosans og nemendaráðs

Nemendaráð er búið að standa fyrir nokkrum viðburðum á skólaárinu og ber þar helst að nefna draugahús á Halloween og 221 ballið. Framundan er svo Grunnskólahátíðin, söngleikur skólans (Ávaxtakarfan), Samfestingur og Árshátíð unglingadeildar. Nemendur í ráðinu eiga hrós skilið fyrir öflugna vinnu og metnaðarfullt starf í þágu nemenda skólans.

## 2. Ný æskulýðslög

Sara deildarstjóri sagði frá endurskoðun á æskulýðslögum sem nú stendur yfir. Fram kom í máli hennar að í núverandi lögum er þjónusta félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og ungmennaráða ekki lögbundin verkefni sveitafélaga. Því sé mikilvægt að breyta og því var ákveðið að skólaráð myndi senda frá sér eftirfarandi umsögn um lögina:

*Skólaráð Hraunvallaskóla tekur heilshugar undir orð SAMFÉS, nemendaráðs Hraunvallaskóla og annarra sem fagna áformum um frumvarp til laga um æskulýðs og frístundastarf. Það er ekki einungis börnum, unglingum og ungmennum í hag heldur samfélaginu öllu að lögbinda þjónustu félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og ungmennaráða. Það er tími til kominn að viðurkenna mikilvægi þessara stofnana og því frábæra starfi sem fer þar fram.*

*Mikil framþróun hefur verið í starfinu undanfarin ár og hafa gæði og fagmennska aukist til muna þar með talið með tilkomu háskólanáms í Tómsunda- og félagsmálafræðum.*

*Félagslíf unga fólksins okkar er stór og mikilvægur hluti af samfélaginu og viljum við tryggja jafnt aðgengi allra að frístundastarfi óháð búsetu, uppruna, efnahag, félagslegrar stöðu eða annars.*

*Virðingarfyllt,  
Skólaráð Hraunvallaskóla*

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*